



ÞÝSK1BB05

Fjölbautaskóli Suðurlands
Haustönn 2023

Kennari:	Brynja Ingadóttir (brynja@fsu.is)	Sk.st.	BI
-----------------	--	---------------	-----------

Áfangalýsing:

Viðfangsefni undanfarans eru rifjuð upp og sett í nýtt samhengi. Áfram er unnið að aukinni færni nemenda í lesskilningi, tali, hlustun og ritun, þar sem fléttar er inn í kennsluna menningu þýskumælandi landa. Orðaforði er aukinn og ný málfræðiatriði þjálfuð. Til að æfa þessi atriði geta eftirfarandi atriði legið til grundvallar í kennslunni:

Stuttar frásagnir um hvað fólk gerir í frii eða á ferðalögum, að lýsa borg og staðsetningu borga, að vísa til vegar, að sinna erindum í borginni, áhugaverðir staðir, svo og líkaminn, heilsa og lifnaðarhættir. Áhersla er lögð á að nemendur tjá sig sem mest á þýsku í töluðu og rituðu máli. Einnig er lögð áhersla á að nemendur beri ábyrgð á sínu eigin námi og sýni sjálfstæð vinnubrögð, frumkvæði og skapandi hugsun.

Undanfari: ÞÝSK1AA05

Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- þeim orðaforða sem nauðsynlegur er til að mæta hæfniviðmiðum þrepsins
- mannlífi, menningu og siðum í löndum þar sem tungumálið er talað sem móðurmál/fyrsta mál og þekkja samskiptavenjur
- grundvallarþáttum málkerfisins
- formgerð og byggingu texta og mismuninum á töluðu og rituðu máli

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öölást leikni í að:

- skilja talað mál um kunnugleg efni þegar talað er skýrt og áheyrilega
- lesa ýmiss konar texta um kunnugleg efni og beita viðeigandi aðferðum eftir því hver tilgangur með lestrinum er hverju sinni
- bregðast við spurningum um efni sem hann þekkir og beita kurteisisvenjum og hljómfalli við hæfi
- beita þeim orðaforða sem nauðsynlegur er til að mæta hæfniviðmiðum þrepsins
- skrifa einfaldan texta um efni sem hann þekkir og nota viðeigandi málfar
- fara eftir grundvallarreglum sem gilda umritað mál
- nota upplýsingatækni og hjálpargögn í tungumálanámi sínu

Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- tjá sig um hugðarefni sín og áhugamál
- tjá sig um liðna atburði
- miðla efni sem hann hefur aflað sér þekkingar á
- tjá skoðanir og tilfinningar

- takast á við kunnuglegar aðstæður í almennum samskiptum og beita viðeigandi mál- og samskiptavenjum
- lesa texta af hæfilegu þyngdarstigi og tjá skoðun sína

Námsefni:

- **Netzwerk neu A1! Lesbók og vinnubók (frá síðustu önn)**
- **Léttlestrarbókin Kommissar Zufall** (þarf ekki að kaupa)
- **Lausblaðamappa A4 og laus blöð eða gormastílabók (frá síðustu önn)**
- Orðabækur: www.deis.dict.cc, www.snara.is
- Gagnvirkar æfingar í Innu.
- Ýmiskonar efni frá kennara.

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Tímabil:	Viðfangsefni:	Próf / verkefni:
18. ágúst – 17. sept.	Netzwerk neu! Lektion 5 Hlustunarverkefni	Próf Lektion 5 + Ritun 1 Hlustunarverkefni 1
18. sept. – 15. okt.	Netzwerk neu! Lektion 6 Hlustunarverkefni	Próf Lektion 6 + Ritun 2 Hlustunarverkefni 2 Munnlegt verkefni 1
16. okt. – 12. nóv.	Netzwerk neu! Lektion 7 Hlustunarverkefni	Próf Lektion 7 + Ritun 3 Hlustunarverkefni 3 Munnlegt verkefni 2
13. nóv. – 6. des.	Netzwerk neu! Lektion 8 Hlustunarverkefni Léttlestrarbók	Próf Lektion 8 Hlustunarverkefni 4 Ritun 4 og Munnlegt próf 3

Í þessum áfanga er símat og ekki lokapróf. Það er því mikilvægt að nemendur sinni náminu vel alla önnina, taki öll próf og skili öllum verkefnum. Unnið er út frá niðurstöðum þeirra að betri vinnubrögðum og aukinni færni í tunumálinu.

Námsmatið byggir á öllum færnisþáttum tungumálsins; hlustun, lesskilningi, munnlegri færni og ritun. Eftir hvern kafla í kennslubók verður próf úr málfræði og orðaforða kaflans og einnig verða ritunarverkefni og munnleg próf/verkefni sem tengjast efni kaflanna.

Lesin verður léttlestrarbók og nemendur segja frá efni hennar í munnlegu prófi.

Kennsluefni áfangans (utan kennslu- og verkefnabókar) er aðgengilegt nemendum í Innu.

Lausnir verkefna í vinnubók er einnig aðgengilegt í Innu. Mikilvægt er að nemendur nýti sér efnið í Innu í námi sínu.

- Öllum verkefnablöðum skulu nemendur safna og raða í tímaröð í möppuna.
- Útskýringar sem kennari setur á töflu eiga nemendur að skrá og geyma í möppunni.
- Laus blöð, möppuna og kennslubækur eiga nemendur alltaf að hafa með kennslustund.
- Missi nemandi af kennslustund ber honum að vinna skv. áætlun í Innu.

Námsmat:

Kaflapróf	50%	Ýmis verkefni	25%
Hlustun	10%	Munnleg færni	15%

ATH!

Góð mæting, virk þátttaka í kennslustundum og sjálfstæð vinnubrögð eru lykillinn að árangri í námi. Heimanámi skulu nemendur sinna vel.

ATH!

Mætingarskylda er bæði í fjarnámi og staðnámi, nema tilkynning berist um annað.

Ef kennslustund fellur niður, verða verkefni í Innu sem nemendur vinna og skila.

Nemendur verða að fylgjast vel með í Innu.

Ef nemandi missir af prófi eða tímaverkefni ber honum að ljúka því í skraptíma eða semja um tímasetningu þess við kennarann.

ATH!

Nemendur sem uppvísir verða að notkun google translate í verkefnum fá einkunnina 0 fyrir verkefnið.

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Selfossi, 16. ágúst 2023

Brynja Ingadóttir